

KAUPÞING BÚNAÐARBANKI HF. SKRÁNINGARLÝSING

Hlutafé Kaupþings Búnaðarbanka hf. var hækkað um 1.977.004.030 kr. að nafnverði þann 26. maí 2003 vegna samruna Kaupþings banka hf. og Búnaðarbanka Íslands hf.

Heildarfjöldi hluta í Kaupþingi Búnaðarbanka hf. er nú 412.774.109 og er hver hlutur 10 kr. að nafnverði. Allir hlutir bankans eru skráðir á Aðallista Kauphallar Íslands hf. og á O-lista Stockholmsbörsen sem er kauphöllin í Stokkhólmi.

Skráningarlýsing vegna hlutfjáraukningar Kaupþings Búnaðarbanka hf. liggur frammi í höfuðstöðvum bankans. Einnig má nálgast skráningarlýsinguna á heimasíðu bankans.

Á hluthafafundi Búnaðarbanka Íslands hf. þann 26. maí 2003 var samrunaáætlun Kaupþings banka hf. og Búnaðarbanka Íslands hf. samþykkt. Bankarnir voru sameinaðir undir kennitölu Kaupþings banka hf. og hlaut sameinaður banki nafnið Kaupþing Búnaðarbanki hf. Á hluthafafundi Kaupþings banka hf. þann sama dag var stjórn veitt heimild til að hækka hlutafé um allt að 2.004.250.000 kr. að nafnverði með afhendingu nýrra hluta til hluthafa Búnaðarbanka Íslands hf. í tengslum við samrunann. Fallið var frá forgangsrétti til hins nýja hlutfjár. Stjórnin ákvað í framhaldi af hluthafafundinum að hækka hlutafé um 1.977.004.030 kr. að nafnverði með 197.700.403 hlutum og fengu hluthafar Búnaðarbanka Íslands hf. afhenta nýja hluti þann 27. maí 2003. Hluthafarnir fengu 0,03698630 hluti í Kaupþingi Búnaðarbanka hf. fyrir hvern hlut í Búnaðarbanka Íslands.

KAUPÞING BÚNAÐARBANKI HF.

www.kaupthing.is • www.bi.is

Kaupþing Búnaðarbanki hf., kt. 560882-0419, Austurstræti 5, 155 Reykjavík